

109 *Brjef stjórnarráðsins til borgarstjórans í Reykjavík um hluta dvalarsveitar*
14. ág. af barnsmeðlagi.

Hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps hefir skotið hingað ágreiningsmáli milli hreppsins og Reykjavíkurbæjar um það, hvort bærinn eigi að endurgreiða hreppnum 19 kr. 25 au. af fátækrastrýrk til Kristjönu Jónsdóttur frá Fögruvöllum.

Árið 1914 var nefndri stúlku veittur styrkur í Seyðisfjarðarhreppi til framfærslu tveggja óskilgetinna barna hennar, og var með úrskurði stjórnarráðsins, dags. 1. júní f. á., ákveðið, að Reykjavíkurbær skyldi endurgeiða hreppnum 73 kr. 84 au. af þeim styrk.

Barnsaðir Kristjönu er Sigurður Jónsson á Fögruvöllum, sem er sveitlægur í nefndum hreppi, og hafði sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu úrskurðað, að hann skyldi greiða 50 kr. ársmeðlag með hvorutveggja umgetinna barna. Fjell meðlagið með barninu Rannveigu í gjalddaga 9. febrúar f. á. og með barninu Margrjeti í gjalddaga 14. apríl s. á. Þegar meðlög þessi af hálfu Reykjavíkurbæjar voru krafín af Seyðisfjarðarhreppi, dró hreppsnefndin frá hinum úrskurðuðu meðlögum tiltölulegan hluta fyrir þann tíma, sem hún taldi að börnin hefðu dvalið á sveitarframfæri í hreppnum, fyrir Rannveigu 13 kr. 70 au. og fyrir Margrjeti 5 kr. 55 au., eða samtals 19 kr. 25 a. Þessu var af borgarstjóra mót-mælt fyrir hönd Reykjavíkurbæjar og þegar hann síðar greiddi hreppnum framangreindar 73 kr. 84 a., dró hann nýnefndar 19 kr. 25 a. frá þeirri upphæð.

Stjórnarráðið verður nú að telja, að Seyðisfjarðarhreppur eigi kröfu til að fá endurgreiddan $\frac{1}{3}$. hluta af föðurmeðlögunum fyrir þann tíma, er hreppurinn greiddi $\frac{1}{3}$. hluta af kostnaði við framfærslu barnanna.

Samkvæmt reikningi hreppsnefndar, dags. 25. maí 1914, greiddi Seyðisfjarðarhreppur fyrir framfærslu Rannveigar um tímabilið frá 9. febr. til 15. maí s. á. eða 96 daga af meðlagsárinu, en meðlagið um þann tíma er hlutfallslega 13 kr. 15 a. og $\frac{1}{3}$. hluti af því 4 kr. 38 a. Samkvæmt sama reikningi greiddi Seyðisfjarðarhreppur meðlag með barninu Margrjeti að eins um tímabilið til 8. febr. 1914 og því um engan hluta af umræddu meðlagsári.

Samkvæmt þessu er hjermeð úrskurðað, að Reykjavíkurbær skuli greiða Seyðisfjarðarhreppi 4 kr. 38 a.

Þetta er yður, herra borgarstjóri, hjermeð tjáð til leiðbeiningar.

110 *Brjef stjórnarráðsins til fræðslumálastjórans viðvíkjandi eftirliti hjeraðslækna*
6. sept. með barna- og unglíngaskólum.

Stjórnarráðið hefir ákveðið, að allir barna- og unglíngaskólar skuli háðir eftirliti hlutadeigandi hjeraðslæknis, og að skóla- og fræðslunefndir skuli skyldar að gera hjeraðslækni aðvart á hverju hausti um fyrirhugaða barnafræðslu, og forstöðumenn unglíngaskóla um fyrirhugaða unglíngakenslu, og biðja hjeraðslækni að lita eftir því:

1. Að herbergi þau, sem ætluð eru nemendur, sju þannig úr garði gerð og svo vel umgengin, að heilsu nemenda sje eigi hættu búin af veru þar, og, ef um farskóla er að ræða, þá að á heimilinu, þar sem skólinn er haldinn, sje eigi berklaveiki eða annar smithættulegur sjúkdómur. **110**
6. sept.
2. Að kennarar eða eftirlitsmaður með heimafræðslu gangi ekki með smitandi berklaveiki, holdsveiki eða aðra viðloðandi smitandi sjúkdóma.
3. Að börn eða unglingar með smithættulega sjúkdóma sju eigi tekin í skóla með öðrum eða vistuð í heimavistarskóla.

Þetta, sem stjórnarráðið hefir ákveðið í samráði við landlækni og yður, herra fræðslumálastjóri, sakir hinnar augljósu hættu, einkum berklahættu, er heilbrigði þjódarinnar stendur af barna- og unglingafræðslunni, sje eigi haft eftirlit eins og að ofan segir með öllu fyrirkomulaginu, og það rækilegt eftirlit, eruð þjer beðinn að tilkynna öllum skóla- og fræðslunefndum og forstöðumönnum unglingaskóla, að því viðbættu, að engum skóla verður veittur styrkur úr landsjóði nema því að eins að umsókninni um styrk fylgi auk annara skilríkja vottorð hjeraðslæknis um eftirlitið ritað á eyðublað, er stjórnarráðið mun sjá um að hjeraðslæknum verði sent í þessu skyni.

*Brjef stjórnarráðsins til biskups um veitingu embættisláns til Þykkvabæjar-
klostursprestakalls* **111**

4. nóv.

Stjórnarráðið hefir í dag veitt prestinum í Þykkvabæjarklostursprestakalli, sjera Sigurði Sigurðssyni, 5000 — fimm þúsund — króna embættislán samkvæmt lögum nr. 30, 16. nóvbr. 1907, sbr. lög nr. 25, 20. október 1913, og með þeim kjörum, er þar eru tiltekin, til að kaupa fyrir húsin á prestssetrinu Ásum í Skaptártungu, þau er Sveinn bóndi Sveinsson hefir bygt þar. Húsin eru virt til brunabóta á 5500 kr. og skulu brunavátrygd fyrir þá upphæð. Fyrningargjaldið verður þá kr. 27.50, og greiðist í fyrsta skifti í fardögum 1917.

Þetta er yður, háæruverðugi herra, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar.

*Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um breyting á
mörkum Skriðuhrepps og Arnarneshrepps.* **112**

21. nóv.

Eftir móttöku brjefs yðar, herra sýslumaður, dags. 9. f. m., er fylgdi erindi frá hreppsnefndinni í Arnarneshreppi um, að jörðin Dunhagakot í Skriðu-